

Sérkennarinn í skólasamfélaginu

Hlutverk, ábyrgð, staða

Ólafur Páll Jónsson

dósent í heimspeki við Háskóla Íslands

Erindi á fræðslufundi Félags íslenskra sérkennara, 24. janúar 2011

I

Ef ég veldi af handahófi nokkra sérkennara og spyrði þá: „Hver er staða þín í skólasamfélaginu?“ þá er ég næsta viss um að það vefðist fyrir þeim að svara. Það er alls ekki augljóst hver staða manns er. Kannski myndi þó einhver segja að staðan væri veik, aðrir að hún væri sterk, eða að staðan væri betri nú en fyrir nokkrum árum, eða verri nú en fyrir hrún, o.s.frv. En ekkert þessara svara segir til um *hver* staðan er, einungis *hvernig* hún er. Ef við viljum segja til um hver staða sérkennara er í skólasamfélaginu, þá þurfum við að átta okkur á því hvaða atriði það eru sem ráða stöðunni.

Einn vandi sem sérkennari stendur frammi þegar hann er spurður um stöðu sérkennara og er beðinn um að svara út frá sinni eigin reynslu, er að staðan sem viðkomandi manneskja hefur er ekki bara staða hennar sem sérkennara heldur líka staða hennar sem karls eða konu, ungs kennara eða gamalreyns kennara, gagnkynhneigðrar manneskju eða samkynhneigðrar, o.s.frv. Tiltekin manneskja hefur einhverja stöðu í tilteknu samfélagi og sú staða er samspil margvíslegra þátta – persónulegra, menningarlegra, félagslegra og efnahagslegra – sem erfitt getur verið að rekja í sundur. Það er hér sem félagsfræðingarnir hafa fundið frjóan akur, stundum til að greina þá þætti sem fléttast saman og mynda stöðu einstaklings, stundum til að skipta út hugtakinu um stöðu fyrir önnur hugtök, t.d. hugtök eins og *félagsauður*, *menningarauður*, *táknrænn auður*, *vettvangur* og *habitus*.¹

Félagsfræðingur sem hyggst skoða stöðu sérkennara myndi líkast til gera empiríska rannsókn á þeim þáttum sem ráða kringumstæðum þeirra: hvaða áhrif þeir hafa, hvernig samspil þeirra er við aðra hópa, hvaða tækifæri þeir hafa, hvaða bjargir þeim bjóðast

¹ Þessi hugtök eru komin frá franska félagsfræðingnum og heimspekingnum Pierre Bourdieu, sem hefur verið mjög áhrifamikill á sviði félagsfræði menntunar síðan á seinni hluta 20. aldar. Íslensk umfjöllun um kenningar Bourdieu má finna í bók Gests Guðmundssonar, *Félagsfræði menntunar* (Reykjavík: Skrudda 2009).

o.s.frv. Heimspekingur nálgast viðfangsefnið með ólíkum hætti. Í stað þess að gera empiríska rannsókn, myndi hann líklega byrja á að velta fyrir sér merkingu hugtaka eins og *sérkennari*, *skólasamfélag*, *ábyrgð* og *blutverk*. Og heimspekingurinn myndi ekki setta sig við að láta aðra segja sér hvað þessi hugtök merkja – heimspekingurinn myndi t.d. ekki láta sér nægja að vera sagt að sérkennari sé manneskja sem ráðin sé til starfa sem sérkennari, þ.e. sem ráðin er til starfa samkvæmt tiltekinni starfslýsingu. Heimspekingurinn vill vita hvað orðið ‘sérkennari’ merkir – eða hvað það ætti að merkja – ekki bara hvernig það er í raun notað. Þess vegna leitar heimspekingurinn sjaldan í orðabók til að finna merkingu hugtaka því orðabók geymir fyrst og fremst upplýsingar um notkun orða. Það er ekki einfaldlega *notkun orða* sem honum er hugleikin, heldur *merking hugtaka*.

Þegar ég segi að heimspekingurinn varði ekki fyrst og fremst um notkun orða heldur merkingu hugtaka, þá kynni einhver að ypta öxlum og segja sem svo: „Það kann að vera skemmtileg íþrótt að greina merkingu hugtaka, en þegar ég er ráðin til starfa sem sérkennari, þá er það notkun orðsins ‘sérkennari’ sem skiptir máli en ekki merking einhvers hugtaks.“ Við getum orðað þetta öðruvísi: Hefur heimspekingurinn ekki sagt skilið við verkefni hversdagslífsins þegar hann snýr sér frá notkun orða og að greiningu hugtaka? Svarið við þessari spurningu er í raun bæði „Já“ og „Nei“. Viðfangsefni heimspekingsins liggja gjarnan í hinu mögulega ekki síður en í því raunverulega, þau liggja í hugsjónum ekki síður en í kringumstæðum, og heimspekingurinn vinnur með gildi og markmið en ekki bara bláberar staðreyndir.

Hugtakagreining heimspekingsins er þannig í vissum skilningi dálítið á lofti – og stundum reyndar í skýjunum. En í öðrum skilningi er hún mjög jarðbundin. Kannski er enginn fræðingur jafn jarðbundinn og heimspekingurinn þegar allt kemur til alls. Tökum orð eins og ‘sérkennari’. Þegar merking orðsins er gefin er það gert með vísun til þess að sérkennari, eins og aðrir kennarar, vinna í skóla við að mennta börn. Og ef við reynum að átta okkur á því hvernig orðið ‘skóli’ er notað, þá fer ekki á milli mála að það er notað yfir stofnun (hvað er annars stofnun) sem á að mennta börn og unglinga, skólinn á að vera við hæfi allra, starfa lýðræðislega og stuðla að jafnrétti. Þegar ég segi að kannski sé enginn jafn jarðbundinn og heimspekingurinn, þá er það vegna þess að heimspekingurinn hnýtur stöðugt um þessi orð. Honum finnst þau óljós, jafnvel orka tvímælis. Hann er eins og klofstuttur maður sem paufast áfram í stórgrýti. Þar sem heimspekingnum reynist torsótt yfirferðar finnst öðrum greiðfært.

Merking orða er ekki gefin sem einföld staðreynd um tungumálið; við getum hvergi gengið að merkingunni vísri, heldur verðum við, sem málnotendur og þátttakendur í

samfélagi, stöðugt að skapa og endurskapa merkinguna. Hvað merkir t.d. orðið ‘skóli’? Orðið skóli merkti eitthvað annað fyrir 100 árum en í dag. Og hvað merkir ‘skóli fyrir alla’, eða ‘skóli án aðgreiningar’? Tökum fyrra orðalagið, ‘skóli fyrir alla’? Um þetta orðalag getum við spurt: Hvað er *skóli*? Hverjir eru *allir*? Og hvað merkir það að stofnun eins og skóli sé *fyrir* einhvern? Ef við færum í venjulegan unglingabekk í einhverjum skóla og spyrðum krakkana einn af öðrum: Er þessi skóli fyrir þig? Þá er eins víst að einhverjir unglinganna myndu svara því neitandi. Kannski myndu þeir segja að í stað þess að vera staður sem væri fyrir þá væri hann staður sem væri stöðugt að þvælast fyrir þeim. Þegar leikskólakennarar fóru í verkfall fyrir nokkrum árum kom berlega í ljós að margir litu svo á að leikskólar væru fyrst og fremst fyrir foreldra. Þeir væru fyrir foreldra svo þeir gætu komist í vinnuna og þyrftu ekki að hanga heima yfir börnunum sínum. Það hefur verið langvinn glíma leikskólakennara að vinna þeirri hugmynd – eða eigum við að segja hugsjón – fylgi að leikskólar séu fyrir börn.

Annað dæmi sem sýnir kannski enn betur hrikalega jarðbindingu heimspekingsins er sú staðhæfing í lögum, aðalnámskrám og víðar að skólinn skuli vera lýðræðislegur. Þegar heimspekingurinn rekst á þetta orðalag sekkur hann upp að bringspöllum í keldur tungumálsins og getur sig ekki hreyft nema með miklum erfiðismunum. Aðrir stika léttstígir framhjá með bros á vör án þess svo mikið sem að vökna í fætturna.

II

Snúum okkur nú að því sem þetta erindi á að fjalla um: Hlutverk, ábyrgð og stöðu sérkennarans í skólasamfélaginu. Um þetta er ekkert að segja, nema ákvarða fyrst hvað þessi orð merkja. Og það er ekki hægt að segja t.d. hvað orðasambandið ‘hlutverk sérkennarans’ merkir hér nema taka afstöðu til þess hverskonar skóla maður vilji sjá, hvernig börnum sé unnið til hagsbótar, og hvaða skilning maður leggur í hugtök eins og *lýðræði* og *jafnrétti*, sem aftur kallar á greiningu á hugtökum eins og *sjálfræði*, *sjálfstætt líf*, *mannleg reisn*, o.s.frv. Það er engin leið að toga í einn spotta án þess að allur vefurinn færist til. Og það sem meira er; þegar við tökumst á svið svona hugtakagreiningu getum við ekki látið okkur duga að vinna út frá gefnum staðreyndum, við verðum að taka afstöðu til möguleika – við verðum að ákveða hvaða merking af ótal mögulegum merkingum er sú sem best er við hæfi. Við getum ekki einfaldlega staðnæmst við þá merkingu eða merkingarleysu sem er viðtekin.

Staða sérkennara, eins og hvaða kennara sem er, er alltaf afurð af a.m.k. tvenniskonar ólíkum þáttum. Annars vegar þáttum sem ráðast af því að hann vinnur með tilteknum

börnum, hann er í persónulegum tengslum við þau og margvíslegu trúnaðarsambandi og samskiptin. Hér verður vinnan fyrst og fremst að taka mið af einstaklingseðli hvers nemanda. Hins vegar er kennarinn líka starfsmaður tiltekinnar stofnunar, sem aftur er hluti af miklu stærra skipulagi sem á endanum þiggur réttlætingu sína frá viðmiðum og gildum – t.d. gildum lýðræðislegs samfélags og félagslegs réttlætis – sem kunna að virðast býsna fjarlæg í daglegu starfi kennarans. Einn vandi við kennarastarfið, vandi sem brennur ekki síst á sérkennurum, er að hinir einstaklingsbundnu þættir og hinir stofnana- bundnu þættir fara ekki endilega saman. En á sama tíma er í raun ekki hægt að aðgreina hið einstaklingsbundna frá hinu stofnanabundna.

Oft er sagt að ýmsum hópum sé nánast skipulega mismunað í samfélaginu: Konum sé skipulega mismunað í launum og aðgengi að áhrifastöðum, fötludum sé skipulega mismunað vegna takmarkaðs aðgengis að ýmsum gæðum samfélagsins, t.d. menntun, börnum sem búa við námserfiðleika sé skipulega mismunað vegna þess að skólakerfið er ekki fært um að mæta þeim með sanngjörnum hætti, og svo mætti áfram telja. Þegar hlutum eins og þessum er lýst sem *mismunun* er gert ráð fyrir að misjafn aðgangur að gæðum samfélagsins sé kerfislægur í einhverjum skilningi. Það er hins vegar ekki endilega gert ráð fyrir að mismununin sé vísvitun, hún getur átt sér stað og viðhaldist af ástæðum sem enginn skilur. Viðbragð við slíkri mismunun verður að vera kerfislegt eigi að takast að uppræta hana. Og þegar slíkt kerfislegt viðbragð innifelur skóla sem meginvettvang aðgerða, eins og yfirlýsing um skóla án aðgreiningar gefur fyrirheit um, þá eru það í raun kennarar og skólastjórnendur sem eru megin gerendur í slíkum aðgerðum.

En hvert er viðfangsefni aðgerða eins og þeirra að gera íslenska skóla opna fyrir öllum, að gera þá án aðgreiningar? Viðfangsefnið er ekki bara að mennta börnin og taka vel á móti þeim (hinn einstaklingsbundni þáttur) heldur líka að breyta skólanum, breyta hugmyndum fólks um skóla og hugmyndum fólks um hlutverk skóla í samfélagi án aðgreiningar, þ.e. í lýðræðislegu samfélagi (hinn stofnanabundni þáttur). Hlutverk sérkennarans í slíkum aðgerðum er því ekki bara að vinna samkvæmt gefnum hugmyndum, heldur að breyta gefnum hugmyndum. Sérkennari getur ekki – ekki frekar en hvaða annar kennari sem er – gengið að merkingu orðsins ‘skóli’ gefinni heldur er það hluti af starfi hans að endurskoða merkingu orðsins. Önnur skyld hugtök eru ekki undanskilin, s.s. hugtökin *réttlæti* og *lýðræði*.

Skóli án aðgreiningar fjallar ekki um það hvernig við komum fötludum nemendum fyrir í almennum skólum, heldur um það hvað almennur skóli yfirleitt er. Hér er ekki bara um að ræða hversu móttækilegir skólarnir eru fyrir margbreytileika, heldur hversu

móttækilegt samfélagið er fyrir margbreytileika. Vitanlega þurfa þeir sem vinna í skólum að horfast í augu við hugmyndina um skóla án aðgreiningar í þrengri merkingu. Spurningin um hvort tiltekinn fatlaður nemandi skuli fara í venjulegan skóla eða hvort honum sé betur borgið í sérskóla mun vakna og henni verður að svara í þeim kringumstæðum sem hún vaknar með hliðsjón af færni nemandans, aðstöðunni og starfsfólkinu sem er til staðar, og öðrum atriðum sem skipta máli. Hvernig sem þeim spurningum sem lúta að afdrifum einstakra nemenda kann að vera svarað, þ.e. hvernig sem hinum einstaklingsbundnu spurningum er svarað, þá ættu svörin að geta leitt til endurskoðunar á aðstöðunni sem er fyrir hendi, á menntun þess fólks sem er til staðar og á hlutverki skólans, ekki bara í lífi þeirra einstaklinga sem um ræðir heldur í samfélaginu almennt. Á endanum kunna hin einstaklingsbundnu svör að setja þrýsting á viðteknar hugmyndir okkar um skóla, lýðræði og réttlæti. En ef þrýstingur frá hinum einstaklingsbundnu svörum á að leiða til endurskoðunar á hugtökum eins og *skóli*, *lýðræði* og *réttlæti* verður að setja hið einstaklingsbundna í víðara samhengi stofnanabundinna sjónarmiða. Til þess að það geti gerst verða þeir sem vinna á vettvanginum að leyfi sér að vera svolitlir heimspekingar. Eða, ég ætti kannski frekar að segja, veigri sér ekki við því að vera svolitlir heimspekingar.

III

Þegar ég segi að endurskoðun á einstaklingsbundnum úrræðum handa tilteknum nemendum kunni að setja þrýsing á hugmyndir okkar um lýðræði, gæti einhver spurt: „En hvaða hugmyndir um lýðræði? Það eru til margar hugmyndir um lýðræði og flestar frekar óljósar.“ Spurningin ber vott um raunsæi og er sannarlega viðeigandi. Einn vandinn við að setja þrýsting á hugmyndir okkar um lýðræði, réttlæti og fleiri viðlíka er að í samtímanum er rík tilhneiging til að nota orðin ‘lýðræði’ og ‘réttlæti’ án neinnar skipulegrar viðleitni til að gefa þeim ákveðna merkingu. Það mætti raunar segja að hin skipulega viðleitni sé öll í hina áttina: að grafa undan merkingu þeirra.² Þegar merking orða tvístrast og enginn hirðir um að safna saman brotunum, missum við hugtök út úr höndunum á okkur. Og þegar við höfum tapað hugtökunum, þá verður tungumálið sljótt vopni í hvaða baráttu sem er. Þess vegna krefst réttindabarátta, hvaða nafni sem hún nefnist, þess að tungumálið sé ræktað.

Þegar talað er um hlutverk, ábyrgð og stöðu sérkennara, þá held ég að það hlutverk að gefa orðasambandi eins og ‘skóli án aðgreiningar’ ákveðna merkingu sé eitt af því sem

² Sjá t.d. grein Georges Orwell, „Stjórnsmál og ensk tunga“ í greinasafninu *Stjórnsmál og bókmenntir* (Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2009).

ekki má vanrækja. Það er auðvelt að hrúga börnum með ólíkar þarfir saman í skóla og bekki, telja svo stuðningsfulltrúa og sérkennara inn í kennaraliðið eftir einhverri formúli og kalla það sem úr verður *skóla fyrir alla, skóla án aðgreiningar, lýðræðislegan skóla, einstaklingsmiðað nám*, og hvað það heitir. En ef þessum orðasamböndum er ekki gefin ákveðin merking – ef ekki er reynt með ærinni fyrirhöfn að átta sig á því hvaða hugtök búi þarna að baki, þá verða þessi orðasambönd ekkert annað en innantómir leppar. Eftir sem áður verður unnið gott starf hér og hvar og ýmsir einstaklingar munu njóta þess að hafa góða kennara og njóta umhyggju og stuðnings í sínu námi. En það verður tilviljun háð og íslenskur skóli mun ekki verða tæki til að uppræta skipulega mismunun.